

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1139****2020/EES/5/20****frá 3. júlí 2019**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með matvælum úr dýraríkinu í tengslum við kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið og lagarafurðir og tilvísun í viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur og prófunaraðferðir fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum f-lið fyrstu undirgreinar 8. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu vinnslu og dreifingar. Þar er einkum kveðið á um opinbert eftirlit í tengslum við afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 ⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir að því er varðar tilteknar afurðir, m.a. samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽³⁾. Þar með talið eru lifandi samlokur, hrámjólk og hitameðhöndluð kúamjólk.
- 3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ⁽⁴⁾ breytir reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit. Í þeirri reglugerð kemur fram, að því er varðar kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið, að II. þáttur og viðbæturinn við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 falli brott og, að því er varðar kröfur sem varða lagarafurðir, að II. þáttur II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 falli brott.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er gerð sú krafa til stjórnenda sláturhúsa að þeir biðji um, taki við, sannreyni og bregðist við upplýsingum um matvælaferlið að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús. Að auki skulu þeir sjá til þess að í upplýsingum um matvælaferlið komi fram allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 180, 4.7.2019, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55)

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

- 5) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru settar fram kröfur um eftirlit með sníklum við meðhöndlun lagarafurða í landi og um borð í skipum. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá um sínar eigin athuganir á öllum framleiðslustigum lagarafurða í samræmi við reglurnar í D-hluta V. kafla VIII. þáttar III: viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, þannig að fiski, sem er augljóslega smitaður af sníklum, sé ekki dreift til manneidis. Við samþykkt frekari reglna um sjónræna skoðun er þörf á að skilgreina hugtökin „sýnilegir sníklar“ og „sjónræn skoðun“ og ákvarða tegund og tíðni athugana.
- 6) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um reglur um samræmdar hagnýtar ráðstafanir um framkvæmd opinbers eftirlits með matvælum úr dýraríkinu. Í V. viðauka við þá reglugerð eru settar fram viðurkenndar prófunaraðferðir til greiningar á sjávarlífeitri í lifandi samlokum sem lögbær yfirvöld eiga að nota að því er varðar opinbert eftirlit. Í III. viðauka við hana eru enn fremur settar fram prófunaraðferðir fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk sem lögbær yfirvöld eiga að nota að því er varðar opinbert eftirlit. Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að stjórnendur matvælafyrirtækja geri sínar eigin athuganir á öllum stigum framleiðslunnar til að tryggja að lifandi samlokur, hrámjólk og hitameðhöndluð kúamjólk séu í samræmi við reglur um hollustuhætti, sem varða matvæli úr dýraríkinu, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Til að tryggja öfluga neytendavernd, að því er varðar matvælaöryggi, ætti reglugerð (EB) nr. 2074/2005 þar af leiðandi að innihalda þá skyldu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að þeir noti sömu viðurkenndu prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur og þær prófunaraðferðir sem lögbær yfirvöld eiga að nota fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.
- 8) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004

Kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið, eins og um getur í III. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eru settar fram í I. viðauka við þessa reglugerð.“

- 2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Kröfur sem varða lagarafurðir að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004

Kröfur sem varða lagarafurðir, eins og sem um getur í 9. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, eru settar fram í II. viðauka við þessa reglugerð.“

- 3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004

Viðurkenndar prófunaraðferðir til að greina sjávarlífeitur, eins og um getur í 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, eru settar fram í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627.“

4) Í stað 6. gr. a kemur eftirfarandi:

„6. gr. a

Prófunaraðferðir fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu nota greiningaraðferðirnar, sem settar eru fram í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627, til að athuga hvort farið sé að þeim mörkum sem sett eru fram í III. hluta I. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og til að tryggja að mjólkurafurðir séu gerilsneyddar á viðeigandi hátt eins og um getur í II. hluta II. kafla IX. þáttar III. viðauka við þá reglugerð.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
